DRÖG

Stefna íþróttahreyfingarinnar

- Framtíðarsýn og tilgangur

- Stefnumarkandi áherslur
  - Stefnumið
  - Árangursmælikvarðar

Framtíðarsýn

Samfélag á hreyfingu

FRAMTÍÐARSÝN
SAMFÉLAG Á HREYFINGU

ÍÞRÓTTASTARF

Öflugt og fjölbreytt íþróttastarf fyrir fólk á öllum aldri.

- Þátttaka
- Félagsauður
- Uppeldi og gildi

TILGANGUR

Að bæta lífsgæði þjóðarinnar með íþróttum og hreyfingu.

SAMFÉLAG

LÝÐHEILSA OG FORVARNIR

Heilsa · Vellíðan · Forvarnir · Samheldni

AFREKSSTARF

Umhverfi fyrir afreksfólk og árangur á heimsvísu

- Fyrirmyndir
- Innblástur
- Metnaður og árangur

JAFNT AÐGENGI

Öll hafi raunhæf tækifæri til þátttöku óháð búsetu, efnahag eða bakgrunni.


- Allt landið
- Jafnræði
- Fjölbreytileiki
- Aðgengi

FAGMENNSKA

Öflug stjórnun, þekking, sjálfbær fjármögnun og skilvirkt samstarf innan hreyfingarinnar.

- Þekking
- Samstarf
- Gæði
- Sjálfbærni

Stefnuáherslur – tillaga



01

Fjölbreytt og aðgengilegt íþróttastarf, samofið samfélaginu

Virk þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi styrkir líkamlega færni og lýðheilsu, félags – og samskiptafærni. Íþróttir eru hornsteinn lýðheilsu og félagsauðs.

Öll eiga kost á þátttöku í skipulögðu starfi við sitt hæfi. Aukin fjölbreytni í framboði er leiðarljós þegar kemur að því að seinka vali á milli íþróttagreina.

Starf sjálfboðaliðans er órjúfanlegur hluti íþróttastarfs sem skapar virði fyrir samfélagið, íþróttahreyfinguna og þá sjálfa.

Við byggjum upp faglegt umhverfi þar sem starfsemin nýtur stuðnings sem hvílir á samvinnu við stjórnvöld og samfélagið allt.

Stefnumið

Stefnumið 1 Að faglegt, skipulagt og fjölbreytt starf íþróttahreyfingarinnar standi öllum til boða um allt land.

Stefnumið 2 Fjölgreinaþátttaka og seinkun á vali á íþróttagrein.

Stefnumið 3 Í samvinnu við sveitarfélög sé horft til félagslegra þátta í skipulagi íþróttastarfs með það að leiðarljósi að auka þátttöku óháð efnahag.

Markmið og áhersluverkefni 1/2

01 Auka samstarf við skóla og sveitarfélög til að ná til fleiri barna og ungmenna og stuðla að aukinni samþættingu.

02 Aðlaga framboð og starfsemi að aðstæðum á hverjum stað og tryggja nauðsynleg aðföng og aðbúnað sem styður slíkar áherslur (aðgengi að mannvirkjum, jöfnun ferðakostnaðar o.fl.).

03 Aukinn stuðningur við fjölgreinaþátttöku barna 6-16 ára (t.d. eitt gjald fyrir fleiri íþróttir).

04 Seinka eins og kostur er vali á einni grein.

05 Markvissar aðgerðir sem tengjast skipti/flutningum iðkenda á milli greina.

06 Þróa íþróttaframboð fyrir alla aldurshópa í samvinnu við sambandsaðila.

Markmið og áhersluverkefni 2/2

07 Minnka hlutfall tekna sem þarf að sækja beint til foreldra barna og ungmenna.

08 Sérstakt átaksverkefni um þátttöku ungmenna 16–25 ára.

09 Sameiginleg þróun/viðmið á grunnfærni – þvert á félög og sambönd.

10 Greining á hvata barna og unglinga til þátttöku í íþróttum og hvernig má virkja þau og efla til að draga úr brottfalli (árangurshvöt, framfarahvöt, félagshvöt og ábyrgðarhvöt).

11 Sérstök þátttökuverkefni sem stuðla að jafnari þátttöku allra kynja í öllum greinum.

Árangursvísar

01 Iðkendur undir 18 ára sem stunda fleiri en eina grein.

02 Að ungt fólk um allt land geti valið úr fjölbreyttu íþróttastarfi um allt land.

03 Brottfall yngri en 18 ára úr íþróttahreyfingunni.

04 Fjöldi félaga/sveitarfélaga sem samþætta starfið við skólana og aðra grunnþjónustu.

05 Kostnaður heimila vegna iðkenda undir 16 ára aldri.

06 Fjöldi virkra þátttakenda í öllum aldurshópum.

02

Fagmennska og ábyrgð í öllu starfi

Íþróttahreyfingin er í forystuhlutverki í öllu íþróttastarfi á Íslandi, gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagaðilum. Fagmennska og ábyrgð einkenna öll verkefni íþróttahreyfingarinnar hvort sem um er að ræða skipulag, rekstur eða sértæk viðfangsefni. Ríkur stuðningur er við íþróttahéruð, sérsambönd og íþróttafélög bæði hvað varðar það að sinna fagstarfi og rækta hlutverk sitt en einnig varðandi þann ramma sem þessir aðilar starfa innan.

Á öllum stigum starfsins er unnið á grundvelli laga, reglna, stefnu og gilda.

Markviss þekkingarmiðlun og samvinna í fræðslu skila auknum gæðum í öllu starfi. Öflugt fræðslustarf er mikilvægur grunnur framþróunar og árangurs.

Starf íþróttahreyfingarinnar byggir á samvinnu starfsfólks og mikilvægi sjálfboðaliða. Þátttaka í sjálfboðaliðastarfi hreyfingarinnar er mannbætandi upplifun sem skapar virði fyrir hreyfinguna og sjálfboðaliðana.

Stefnumið

Stefnumið 1

Veita öfluga fræðslu og miðla upplýsingum til allra þátttakenda í starfi íþróttahreyfingarinnar.

Stefnumið 2

Tryggja aukna skilvirkni, slagkraft og skýrleika í skipulagi og starfsháttum hreyfingarinnar. Sérstök áhersla á lykilverkefni, fyrirmyndarfélög, íþróttahéruð og sérsambönd og sjálfbært starfsumhverfi.

Stefnumið 3

Efla samstarf við sveitarfélög og nærsamfélag og aðra opinbera aðila. Miðla upplýsingum um verðmætasköpun og tækifæri sem skapast í starfi hreyfingarinnar

Stefnumið 4

Tryggja sjálfbæra rekstrarumgjörð innan íþróttahreyfingar.

Lykil verkefni 1/3

01 Öflug samþætt fræðslustefna og gott fræðsluefni aðgengilegt öllum innan íþróttahreyfingarinnar.

02 Bæta þjónustu við félögin hvað varðar innri starfsemi. Aðgengi að sameiginlegum lausnum og aukinni samnýtingu.

03 Miðlun upplýsinga til stjórnvalda og samfélags um árangur, verðmæti og tækifæri sem skapast innan hreyfingarinnar.

04 Öflug viðmið og rammi um fyrirmyndarfélög, fyrirmyndarhéruð og fyrirmyndarsérsambönd. Rík krafa um gagnsæi í rekstri og starfsháttum, upplýsingamiðlun og gagnaskil.

05 Vera með markvisst eftirlit sem tryggir gæði og bjóða aðstoð þegar unnið er að erfiðum málum.

Lykil verkefni 2/3

06 Innleiða öflugt gæðakerfi íþróttahreyfingarinnar og vinna að því að allar einingar íþróttahreyfingarinnar temji sér góða starfshætti.

07 Skapa aðlaðandi umhverfi fyrir sjálfboðaliða og gera starfið innan hreyfingarinnar eftirsóknarvert.

08 Minni stjórnsýslubyrði á sjálfboðaliðum.

09 Miðlæg stoðþjónusta fyrir félög, héruð og sambönd.

10 Stuðla að sjálfbærri rekstrarumgjörð íþróttafélaga.

Lykil verkefni 3/3

11 Setja fram gátlista eða samræmd viðmið á landsvísu um um samstarf sveitarfélaga og íþróttahreyfingar hvað varðar m.a. lágmarksviðmið um aðstöðu, viðmið um gjaldfrjálsa notkun barna og ungmenna, samræmdari stuðningskerfi og sameiginleg þjónustusamningsmódel.

12 Móta og innleiða mannauðs- og þjálfarastefnu hreyfingarinnar þar sem áhersla er á þjálfaramenntun sem starfsleið, sérstakan stuðning við unga þjálfara og aðgerðir gegn kulnun.

13 Auka stuðning við iðkendur – flæði nái frá skóla yfir til íþrótta. Stuðningur úr skóla fylgi yfir í íþróttastarfið sem og upplýsingaflæði.

14 Innleiða hvata og áherslu á aukna samvinnu á félagagrunni, milli félaga, héraða og sambanda.

Árangursvísar

01 Hlutfall fyrirmyndarfélaga innan hreyfingarinnar (uppfærð skilgreining).

02 Skýrleiki í skipulagi, hlutverkum og ábyrgð starfsfólks innan íþróttahreyfingarinnar og skilningur innan hennar á hlutverkum.

03 Hlutfall launaðs starfsfólks og sjálfboðaliða í félögum.

04 Fræðslustefnur, áætlanir og virkni/innleiðing.

05 Ánægja félaga og íþróttahéraða og sérsambanda með þjónustu og störf miðlægrar einingar.

06 Ánægja fagfólks og þátttakenda með fræðslu.

03

Afreksstarf á heimsmælikvarða sem fjölgar ánægjustundum og fyrirmyndum

Afreksstarf hreyfingarinnar skapar fyrirmyndir og eflir sjálfsmynd með velferð og vellíðan íþróttafólks að leiðarljósi.

Íslenskt afreksstarf stendur jafnfætis fremstu þjóðum á því sviði. Áhersla er á að efla og rækta hæfileika til eftirtektarverðs árangurs hér heima og á alþjóðlegum vettvangi, byggt á fagmennsku, langtímahugsun og heilbrigðu íþróttaumhverfi.

Við tryggjum samfellda afreksbraut þar sem sérsambönd, íþróttahéruð, félög og opinberir aðilar vinna saman að skýrum markmiðum, stöðugri fjármögnun, jöfnu aðgengi, faglegri umgjörð og stuðningi við íþróttafólk.

Stefnumið

Stefnumið 1 Skýr stefna, viðmið og áherslur í afreksstarfi allra greina.

Stefnumið 2 Heildræn umgjörð og aðstæður sem skapa grundvöll fyrir afrekstarfi á heimsvísu.

Stefnumið 3 Að afreksíþróttafólk af landsbyggðinni fái sérstakan stuðning.

Stefnumið 4 Styðja leiðir til að afreksíþróttafólk geti samræmt nám, atvinnu og íþróttir.

Lykil verkefni 1/2

01 Sameiginleg, mælanleg og stigskipt afreksstefna allra greina sem nær til alls aldurs og afreksíþróttafólks á íslenskum mælikvarða og afreksíþróttafólks í alþjóðlegum samanburði.

02 Að skapa umhverfi og heildstætt stuðningskerfi fyrir íslenskt afreksíþróttafólk sem stenst alþjóðlegan samanburð með öflugum þjálfurum, fagfólki, þjónustu og sérfræðiþekkingu.

03 Aðgengi að alþjóðlegum æfingaaðstæðum innanlands og erlendis – skoða sérstaklega aðstöðumun á milli greina. Draga úr „árlegri” óvissu og verkefnatengdri fjármögnun.

04 Efla stuðning og menntun þjálfara í afrekshluta og stuðla að fjölgun þeirra.

05 Vinna að bættum réttindum íþróttafólks á Íslandi og stuðla að því að þjóðfélagið meti íslenskt afreksíþróttafólk að verðleikum.

Lykil verkefni 2/2

06 Afreksíþróttafólk eigi auðveldara með að samræma afreksíþróttaferil og nám.

07 Skapa umgjörð og aðstæður sem skapa grundvöll fyrir afreksstarfi á heimsvísu með því að efla aðgengi að æfingaaðstöðu innanlands sem uppfyllir alþjóðlega staðla og skoða sérstaklega aðstöðumun á milli greina.

Árangursvísar

01 Skýr markmið um árangursviðmið í öllum greinum.

02 Hlutfall þjálfara og annars fagfólks sem hefur sótt sérstaka menntun á sviði afreksþjálfunar.

03 Fjöldi afreksíþróttafólks í þróunarhópum.

04 Ánægja afreksíþróttafólks með stuðning, aðstöðu og umgjörð.

05 Líðan afreksíþróttafólks á afreksferli og eftir að keppni lýkur.

06 Kostnaðarbyrði afreksíþróttafólks vegna aðstöðumismunar.

07 Fjöldi einstaklinga (á milljón íbúa) sem vinna sér rétt á stórmótum.

04

Lýðheilsa, félagsleg velferð og forvarnir í forgrunni

Íþróttahreyfingin á Íslandi er leiðandi í eflingu lýðheilsu, þar sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi er áhrifaríkasta forvörn samfélagsins.

Íþróttahreyfingin skapar umhverfi hreyfingar, seiglu og félagslegrar velferðar fyrir okkur öll.

Íþróttastarf er fjárfesting í framtíð samfélagsins og órjúfanlegur hluti af stefnu ríkis og sveitarfélaga.

Stefnumið

Stefnumið 1 Að skipulagt íþróttastarfi grundvalli aukin lífsgæði og velsæld þar sem íþróttahreyfingin er lykilaðili í lýðheilsu og forvörnum gegn félagslegri einangrun og heilsufarsvanda

Stefnumið 2 Íþróttir alla ævi – fyrir alla

Stefnumið 3 Að íþróttastarf sé samofið skólastarfi og annarri starfsemi í nær samfélaginu

Stefnumið 4 Íþróttastarf gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að því að sporna gegn áhættuhegðun barna og ungs fólks

Lykil verkefni 1/2

01 Samþætta verkefni íþróttahreyfingarinnar sem snúa að lýðheilsu og forvörnum og auka þannig slagkraft.

02 Efla gagnaöflun og kortlagningu áhrifa og verðmæta sem hreyfingin skapar.

03 Styrkja íþróttir sem lífsstíl fyrir allan aldur þar sem áhersla er á jöfn tækifæri og fjölmenningu.

04 Vera leiðandi í lýðheilsuátaki þjóðarinnar með öflugu íþróttastarfi fyrir alla landsmenn.

05 Skilgreina skipulagt íþróttastarf sem hluta af grunninnviðum lýðheilsu og tryggja að samfélagslegt virði starfsins sé sýnilegt í tölum.

06 Auka opinbera fjármögnun með hliðsjón af hlutverki og ábyrgð.

Lykil verkefni 2/2

07 Tryggja að íþróttastarf sé kerfisbundin forvörn gegn áhættuhegðun, félagslegri einangrun og ýmiskonar heilsufarsvanda

08 Samþætta íþrótta- og skólastarf auk þess sem snertiflötur þarf að vera við íbúa hvers samfélags

Árangursvísar

01 WHO-5 Well-Being Index.

02 Hlutfall landsmanna sem hefur aðgang að skipulögðu starfi á vegum íþróttahreyfingarinnar (brotið niður á hópa).

03 Hlutfall landsmanna sem tekur þátt í starfi á vegum íþróttahreyfingarinnar (brotið niður á hópa).

04 Fjármagn sem íþróttahreyfingin fær frá hinu opinbera í forvarnar og lýðheilsuverkefni.

05 Þátttökuhlutfall í stórum forvarnar og – hreyfiverkefnum.

06 Hlutfall félaga sem býður upp á skipulagt starf skoðað eftir ólíkum hópum t.a.m. fyrir eldri borgara.

05

Jöfn tækifæri til þátttöku í starfi hreyfingarinnar

Jöfn tækifæri til þátttöku í starfi íþróttahreyfingarinnar.

Allir landsmenn finna sér stað í starfi íþróttahreyfingarinnar og hafa raunhæf tækifæri til þátttöku alla ævi, óháð búsetu, uppruna, kyni, efnahag, getu eða öðrum aðstæðum.

Íþróttahreyfingin skapar samfélag þar sem þátttaka í íþróttum styrkir líkamlega, andlega og félagslega heilsu þjóðarinnar, eykur lífsgæði og byggir upp jákvæða samfélagslega tengingu.

Áherslan á jöfn tækifæri endurspeglast í öllu starfi íþróttahreyfingarinnar. Sérstaklega er horft til ferðakostnaðar og annars kostnaðar sem fellur til í íþróttastarfi og afreksstarfi vegna æfinga, keppna og annarra þátta.

Rík áhersla er á að fjölbreytileiki og jafnrétti endurspeglist í öllu starfi íþróttahreyfingarinnar.

Starf íþróttahreyfingarinnar einkennist af öryggi, virðingu, gleði og inngildingu þar sem fjölbreytileiki er styrkur og allir geta fundið hlutverk við sitt hæfi.

Stefnumið

Stefnumið 1 Starf íþróttahreyfingarinnar er öruggt, fordómalaust, fjölbreytt og aðgengilegt

Stefnumið 2 Að sköpuð séu jöfn tækifæri fyrir öll til að finna sér hlutverk innan íþróttahreyfingarinnar

Stefnumið 3 Engin börn og ungmenni hætta eða taka ekki þátt í íþróttum vegna fjárhagslegra, félagslegra eða landfræðilegra aðstæðna

Stefnumið 4 Að áhersla íþróttahreyfingarinnar á jafnræði, inngildingu og fjölbreytileika endurspeglist í starfi

Lykil verkefni 1/2

01 Vinna markvisst gegn fordómum sem verða ekki liðnir.

02 Vinna að því að auka fjárhagsstuðning til iðkenda af efnaminni heimilum.

03 Draga úr kostnaðarliðum sem ekki eru nauðsynlegir fyrir gæði og öryggi starfs.

04 Móta viðmið og finna leiðir til að minnka/mæta ferðakostnaði vegna keppnisferða iðkenda í grasrótarstarfi um allt land.

05 Efla fjárhagslegan stuðning tengdum almennum áherslum íþróttahreyfingarinnar sem snúa að jöfnum tækifærum barna og ungmenna, inngildingu, lýðheilsu og jákvæðra samfélagsáhrifa.

06 Átaksverkefni sem snýr að þjálfurum í litlum samfélögum, áhersla á ólíkar leiðir og þjálfara sem geta sinnt fleiri en einni grein.

Lykil verkefni 2/2

07 Auka sýnileika fatlaðra í starfinu, mikilvægar fyrirmyndir og talsmenn sem geta orðið hvatning fyrir aðra.

08 Að fjölga og styðja við tækifæri fyrir konur í þjálfun, dómgæslu og stjórnun íþróttahreyfingarinnar.

09 Að fjölga og styðja við þátttöku ungs fólks í hlutverkum innan íþróttahreyfingarinnar, s.s. stjórnum og sjálfboðaliðavinnu.

10 Að heilindi verði leiðarljós allra sem taka þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar og að fordómum sé eytt.

Árangursvísar

01 Mismunur á kostnaðarbyrði heimila vegna keppnisstarfs (eftir landshlutum).

02 Mismunur á kostnaði afreksfólks eftir landshlutum.

03 Kynjahlutföll þjálfara, dómara og annarra mikilvægra fyrirmynda.

04 Jöfn þátttaka stúlkna og drengja, virk þátttaka allra kynja.

05 Þátttaka barna af erlendum uppruna (%).

06 Þátttaka barna með fötlun (%).

07 Brottfall eftir félagslegum hópum (%).

08 Kostnaðarþröskuldur (%) (Foreldrar sem telja kostnað hindrun).

09 Landfræðilegt aðgengi (%) (Aðstaða og starf innan ásættanlegrar fjarlægðar).

*Í öllum mælingum skal horft til mælinga á kynjahlutfalli, þjóðerni, fötlunar, efnahag, félagslegum og landfræðilegum þáttum, eins og hægt er.